

Fríblað
Your Free Copy



2022

Þjóðargersemi eða gamall skrjóður

Guðmundur Oddur Magnússon, Goddur, rannsóknarprófessor við Listaháskóla Íslands, var vinur myndlistarmannsins Birgis Andréssonar, Bigga, og vann mikið með honum. Þeir kynntust í inntökuprófinu í Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1974. Goddur segir frá sínum gamla vini í tilefni sýningarinnar *Eins langt og augað eygir* á Kjarvalsstöðum:

Hann komst inn strax en ég ekki. Ég kynntist Bigga fyrst í inntökuprófinu. Svo kynntist ég honum betur fyrsta veturinn minn í MHÍ því að þá var hann húsvörður þar. Hann hafði tekið sér hlé frá námi. Við vorum jafnaldrar og það var auðvelt að kynnast honum. Hann var björt og góð sál, tók sjálfan sig ávallt mátulega alvarlega og lék alltaf vitlausari mann en hann raunverulega var. Hann gerði sér lítið fyrir og plantaði sér frjáltslega í innsta garði listarinnar eiginlega strax í skóla. Hann tók sér samt alltaf stöðu utangarðsmannsins - þar var hjarta hans. Hann kallaði sig þjóðargersemina þegar vel lá á honum en gamla skrjóðinn þegar kaldhæðnin var við völd. Við fórum að vinna saman við grafíska hönnun á auglýsingastofunni Mídasí á Lokastíg. Biggi fór ekki að lifa af sinni list fyrr en löngu seinna. Við unnum saman ansi lengi, við tveir teiknarar og Sigurður Haraldsson sem sá um bókhaldið. Biggi og Sigurður voru saman í fótbolta sem unglingar og Hannes Lárusson var líka með þeim. En þeir töluðu aldrei vel um Hannes sem liðsfélaga því að hann gaf aldrei boltann!

Svo fór ég til náms til Kanada 1986 og þá var aðeins farið að notast við tölvur í grafískri hönnun og þá sagði Biggi: „Godður, ég kann þrjá fídusa svo ef þú getur lært svona fimmtán í viðbót í Kanada höfum við þarna átján fídusa sem við getum kannski gert eitthvað með!“ Biggi varð aldrei tölvulæs. Þegar ég kem heim úr námi fer ég að tölvuvinna öll verk hans, öll portrettin, vinnslan var meira og minna unnin af mér þótt Bragi Halldórsson o.fl. hafi komið að þeim líka síðar. Að auki, þegar klukkan var orðin fjögur og ég hættur að kenna, fór ég alltaf til hans á vinnustofuna á Vesturgötu og við vorum eiginlega saman öll kvöld. Ég vann margar blýantsteikningar líka en allt saman auðvitað undir hans stjórn, ég var bara aðstoðarmaður. Þetta gekk alveg til ársins 2000 sirka, þegar hann var farinn að drekka svo illa að það var ekki hægt að vera nálægt honum.

Þegar fjallað er um verk Birgis er gjarnan minnst á það að hann hafi verið alinn upp af blindum foreldrum og það hafi haft mikil áhrif á list hans. Goddur segir að það sé partur af einhvers konar goðsögugerð – en auðvitað skipti það máli.

Hann eignaðist vini á Blindraheimilinu sem hann bókstaflega notaði í verkin sín. Eins og verk úr pappakössum sem var vísun í verkefni sem hann fékk í æsku en það var að klippa út bókstafi úr pappakössum fyrir Helga Gunnars-son á Blindraheimilinu.

Það eru yfir 100 verk á sýningunni og í ljósi þess að Birgir lést aðeins 52 ára gamall má sjá að hann var afkastamikill listamaður og Goddur o.fl. unnu með honum að mörgum verkum hans.

Biggi fór að safna myndum af farandfólki, það tók langan tíma, og til varð verkið Öðruvísi fólk. Svo var það allur undirbúningurinn fyrir Feneyjabíennalinn árið 1995 með rústirnar, svo gerði hann margar myndir af sjónum, svo

gerðum við íslenska vini í höfðaletri, sem ég fyllti inn, einn af þeim var Ringo Starr. Það var mikið framleitt.

Þetta á sér allt vissan aðdraganda – allt frá Magnúsi Pálssyni og því að Birgir fer í framhaldsnám í Hollandi og kynnist Douwe Jan Bakker, vini Magnúsar, sem hafði gert verk sem hét *Vocabulary Sculptures in Icelandic Landscape*. Þá kemur fram þessi grunnspurning um hvað sé íslenskt og Biggi fer að vinna með íslenska arfinn og leita að því hver við erum og gera það öðruvísi en að mála landslagsmyndir. Hann fer að gera portrettin, textaverkin sín, og það sem skiptir svo miklu máli fyrir skilning

á þeim verkum er að textarnir koma frá 19. öld, fyrir tíma ljósmyndunar. Birgir var í miklum samskiptum við *Bókina* – fornbókasölu Braga Kristjónssonar. Orðaforðinn á bak við persónulýsingar, hestálýsingar og landslag var svo malerískur, hann var svo myndlýsandi og fjölskrúðugur. Svo þegar ljósmyndavélin kemur þótti ekki eins áriðandi að lýsa smáatriðum í texta. Þess vegna eru þessar lýsingar svona nákvæmar. Biggi var eins og flestir undir áhrifum frá Dieter Roth sem sagði einhvern tíma að það íslenskasta af öllu væri það sem við skömmuðumst okkur fyrir og vildum ekki að útlendingar sæju!



KJARVALSSTÖÐUM

A National Treasure or an Old Clunker

29.01.2022–
15.05.2022
**Birgir
Andr sson**
**Eins langt og
auga  eygir**
As Far as the
Eye Can See

S ningarstj ri
Curator
Robert Hobbs

Gu mundur Oddur Magn sson, Goddur, research professor at the Iceland University of the Arts, was Birgir Andr sson's (Biggi) friend and worked with him often. They met during their entrance examination for The Icelandic College of Art and Crafts in 1974. Goddur talks about his old friend whos works are now on display at Kjarvalssta ir:

He got in right away, I did not. I first met Biggi during the examination. Then I got to know him better during my first winter at the college because by then he worked there as a janitor, had taken a break from his studies. We were the same age and he was easy to get to know. He was a bright and kind soul, didn't take himself too seriously and always pretended to be dumber than he was. He made himself at home at the heart of the Icelandic art scene from very early on, when he was still studying. However, he always took on the role of the outsider – that's where his own heart lay. He called himself a national treasure when he was feeling cheerful but an old clunker when the sarcasm took over. We started working as graphic designers at M das advertising agency at Laugavegur. Biggi didn't start living off his art until much later. For a long while, there was the three of us, me and him and Sigur ur Haraldsson who did the books. Biggi and Sigur ur played football together as teenagers, and Hannes L russon played with them. But they never spoke highly of Hannes as a player as he never passed the ball!

Then I went to study in Canada, and people had just started using computers in graphic designing, and then Biggi said: "Godgur, I know three features and if you learn like fifteen more, then we have eighteen features to work with!" Biggi never learned to use computers.

When I returned after my studies, I started computerising all his works, all the portraits, they were mostly executed by me although Bragi Halld rsson and others were partially involved later. Also, when the clock struck four and I finished teaching, I would go to his studio at Vesturgata and we spent practically every night together. I did a lot of pencil drawings as well, but always on his orders, of course, I was just the assistant. This went on until around 2000, more or less, when he'd started drinking so much you couldn't go near him.

When discussing Birgir's work, it is often mentioned how much his upbringing with blind parents influenced his art. Goddur claims this is due to some kind of myth-making – but of course it matters.

He made friends at the blind people's home whom he literally used in his work. Like the work from cardboard boxes which referenced a job he was given as a child, cutting letters from cardboard for Helgi Gunnarsson at the blind people's home.

There are more than 100 works in the exhibition, and as Birgir died at only 52 years of age we can see he was a prolific artist. Goddur and others worked with him on many of his works. Biggi started collecting pictures of drift-

ers and vagabonds, this took a long time and he created *Different People*. Then, there was the preparation for the Venice Biennale in 1995, with the ruins, he also made many pictures of the sea, then we created Icelandic friends in head letters, which I filled in, one of them was Ringo Starr. There was great production going on.

This all has a certain prelude – from Magn s P lsson and Birgir going to study in Holland and meeting Douwe Jan Bakker, Magn s's friend, who had created artwork called *Vocabulary Sculptures in Icelandic Landscape*. There, this basic question arises, of what is Icelandic, and Biggi starts working with the Icelandic heritage, trying to find who we are, but not by painting landscapes. He starts creating his portraits, the text works, and what is so important about understanding these works is that the texts originate from the 19th century, from before photography. Birgir always had good contact with B kin – Bragi Kristj nsson's antique bookshop. The vocabulary behind the description of the people, of the horses and the landscape, was so paintable, it was so picturesque and diverse. Then, with the advent of photography, the need to describe details in a text disappeared. That's why these descriptions are so precise. Biggi, like most others, was influenced by Dieter Roth, who once said that the most Icelandic thing of all was the stuff that we are ashamed of and don't want foreigners to see!



TRIR
ADIR
KJARVALSSTAÐIR

Búin að dýpka brunninn

Ásgerður Birna Björnsdóttir myndlistarmaður er 46. listamaðurinn til að sýna í D-salarröð Listasafns Reykjavíkur með sýninguna *Snertitaug*.

Ég bý í Amsterdam þar sem ég lærði. Ég útskrifaðist árið 2016 og er búin að vera starfandi myndlistarmaður þar síðan, þótt ég sé mikið hér í Reykjavík líka. Hef flakkað fram og tilbaka en kannski minna undanfarin ár vegna heimsfaraldursins. Ég hef unnið að mínum sjálfstæðu verkefnum úti en hérna heima rek ég residensíu sem heitir *Laumulistasamsteypa*. Hópur sem hittist árlega í Hrísey í Eyjafirði og vinnur saman. Í Amsterdam hef ég verið svo heppin undanfarid að hafa fengið góða styrki svo ég hef getað einbeitt mér að mínu þar síðastliðin tvö ár.

Geturðu útskýrt *Laumulistasamsteypuna* betur?

Þetta er hópur af listafólki sem hefur síðan 2014 reynt að hittast á hverju sumri í Hrísey þar sem við erum með samvinnu-residensíu. Þar vinnum við saman að einhverju verkefni. Þetta snýst miklu meira um að vera saman, vinna saman og hugsa saman heldur en endilega útkomuna. Við búum til allskonar þemu; höfum sett upp útvarpsstöð í Hrísey, við höfum skotið bíómyndir, stofnað hljómsveit og gert alls konar. Það eru oft skemmtilegar og svolítið fráleitir þælingar í gangi þarna. Þetta gefur okkur tækifæri til að búa til alls konar öðruvísi myndlist

en við gerum venjulega, þegar allir eru að gera sitt eigið. Þarna erum við hópur sem brýtur ramma og fer út fyrir þægindamörk í samvinnu.

Segðu mér frá sýningunni þinni í D-sal Hafnarhússins.

Kjarninn í þessari innsetningu er ljóstillífaði vídeóverk. Þetta er í rauninni ljóstillífaði innsetning á marga vegu. Vídeóverkið er sýnt á tveimur skjáum sem eru knúnir af sólarcellum sem hanga utan á húsinu. Þetta er gagnvirk svo það fer eftir því hversu mikla birtu og orku er að fá hvernig vídeóið hagar sér. Það er alltaf kveikt á því og þegar það er myrkur kemur engin orka inn, þá spilast vídeóið mjög hægt, en um leið og birtir, og ég tala nú ekki um ef sólin skín, fer vídeóið að haga sér öðruvísi, það verður bjartara og aktívara. Og svo ef það safnast mjög mikil orka, þá breytist vídeóið. Í rýminu eru líka skúlptúrar sem vaxa og breytast á meðan á sýningunni stendur, í takt við vídeóverkið. Dagsbirtan er í raun í aðalhlutverki í sýningunni og hugmyndin er að verkin breytist dag frá degi með hækkandi sól.

Hvað sjáum við á skjánum?

Þetta eru valhnetur og kartöflur sem hreyfast um rýmið og vídeóið er sett upp þannig að skjáirnir eru eins og gluggar að því sem er að gerast í rýminu. Þetta er önnur vídd í rýminu þar sem hlutir hreyfast um og

hreyfast á mismunandi hraða eftir því hvað er í gangi úti fyrir.

Hvaða þýðingu hefur þessi sýningarröð sem safnið hefur haldið úti í D-sal frá 2007?

Fyrir mig er hún mjög mikilvæg, ég hef séð mjög margar sýningar í D-sal sem hafa verið mjög inspirerandi. Hér hefur maður kynnst listamönnum sem maður hafði ekki séð áður, sem eru með nýja sýn að gera nýja hluti. Þannig að mér er það mikill heiður að fá að vera hluti af þessari röð. Ég hef fylgst vel með henni árum saman – síðan ég fór að hafa áhuga á myndlist.

Hvaða áhrif hefur heimsfaraldurinn haft á þig og þína vinnu?

Hann hefur á margan hátt haft jákvæð áhrif, það hefur verið minni áhersla á sýningar og að klára verkefni, og ég fékk meira rúm til þess að vera í rannsóknarvinnu. Það hittist líka þannig á að ég var með listamannalaun í Hollandi á þessum tíma og það hjálpaði mér mjög mikið. Það var lítil pressa á að framleiða og meira pláss til að hugsa, þæla og grúska. Það gaf mér mjög mikið. Núna finnst mér ég hafa dýpkað brunninn og fengið næringu til að takast á við komandi tíma. Ég held að þetta sé klárlega eitthvað sem ég mun gera aftur, búa til aðstæður vinnulega séð þar sem ég get gert þetta, þó að ég voni að það þurfi ekki heimsfaraldur til!



TI REYKJAVÍK
SAFNSAFN
HAFNARHÚS

Deepening the Well

27.01.2022–
20.03.2022
Ásgerður
Birna
Björnsdóttir
Snertitaug
A Twitch
and a Tug

Sýningarstjóri
Curator
Edda
Halldórssdóttir

Ásgerður Birna Björnsdóttir is the 46th artist to exhibit her work in the D-Hall series at Reykjavík Art Museum, with her exhibition *A Twitch and a Tug*.

I live in Amsterdam, where I studied. I graduated in 2016 and have worked as an artist there since then, although I spend a lot of time in Reykjavík as well. I have been going back and forth, maybe less in recent years because of the pandemic. There, I have worked on my independent projects but in Iceland I run a residency called *Laumulistasamsteypa*. It is a group that meets up in Hrísey Island every year and works together. In Amsterdam, I have been so lucky recently to receive sizeable grants that have allowed me to focus on my own stuff for the last two years.

Can you tell us more about *Laumulistasamsteypa*?

It's a group of artists who have, since 2014, tried to meet up in Hrísey every year, for a collaboration-residency, where we work together on a project. This largely revolves around fellowship, collaboration and joined minds, rather than the actual outcome. We create various themes; have established a radio station on the island, shot films, formed a band and done all sorts of things. There is often interesting and a bit absurd thinking going on. This gives us an opportunity to create a different art to what we normally do, when everybody is working separately.

There, we are a group that breaks the mold and steps outside our comfort zones together.

Tell me about your exhibition in Hafnarhúsið's D-Hall.

At the core of this installation is a photosynthetic video work. It's actually a photosynthetic installation in so many ways. The video work is displayed on two screens, powered by solar cells that hang outside on the building. This is interactive so the action of the video depends on how much light and energy there is. It is always turned on, and when it is dark, there is no energy input and then it plays very slowly, but as soon as it gets light, not to mention if the sun comes out, the video starts behaving differently, it becomes brighter and more active. And then, if it gathers a lot of energy, the video changes. The space also contains sculptures that grow and develop during the exhibition, in sync with the video work. Daylight plays a major role in the exhibition, the idea is for the works to change day by day, along with the rising sun.

What do we see on the screen?

There are walnuts and potatoes moving around the space and the video is set up to make the screens look like windows to what is happening in the space. This is another dimension in the space, where items move at different speed depending on what is happening outside.

What importance does this exhibition series, that has been going on in D-Hall since 2007, have?

For me, it is extremely important, I have seen many exhibitions in D-Hall that have been very inspiring. Here, I have seen artists I had never seen before, who have a new vision and are doing new things. It is a great honour for me to be a part of this series. I have watched it for years – ever since I became interested in art.

What has the pandemic meant for you and your work?

In many ways, it has been positive, there has been less focus on exhibitions and getting things done, and more on doing research. I also happened to receive an artist's stipend in Holland during this time, which helped a lot. There was less pressure to create something and more room to think, ponder, explore. This was very rewarding. Now, I feel I have deepened the well and nourished myself to deal with the future. I think this is something I will definitely do again, create a situation where I can do this, although I hope to achieve it without a pandemic!



ART MUSEUM
LISTA
S N H

Allt í gífsi!

Myndhöggvarar tveggja tíma mætast í Ásmundarsafni þar sem Rósa Gísladóttir myndlistarmaður sýnir verk sín í samtali við verk Ásmundar Sveinssonar. Á sýningunni vinnur Rósa með stærsta skúlptúr Ásmundar, sjálft safnhúsið. Við litum til hennar á vinnustofuna í Auðbrekku í Kópavogi.

Á miðju gólfi vinnustofunnar liggur risastór skúlptúr sem Rósa er að vinna með. Hún vinnur í gífs og má sjá skúlptúra úr gífsi af öllum stærðum um rýmið. Við skoðum líkan af Ásmundarsafni þar sem Rósa hefur raðað míníatúrum af verkunum sem hún er að vinna að á móti verkum Ásmundar.

Hugmyndin var að við værum með vinnustofurnar okkar þarna, bæði ég og Ásmundur. Vinnustofurnar verða í Skemmuni og Tengibyggingunni – en Skemman var vinnustofa Ásmundar á sínum tíma. Í vinnustofunum verða hillur með smærri verkum, vinnuborðum og öðru sem tilheyrir vinnustofum listamanna. Það verða til sýnis líkön og teikningar sem segja sögu verkanna á sýningunni.

Rósa segir að byggingin – Ásmundarsafn sjálft hafi lengi höfðað til sín og nokkur verka hennar tengjast teikningum af húsinu. Hún hafi lengi heillast af geometriskum formum. Hægt er að horfa í gegnum sum verka Rósu og sjá þannig verk Ásmundar.

Þá er aðeins búið að ramma verk hans af. Hann talar líka sjálfur um „loftið á milli“ – sem er í mörgum verkanna hans, sérstaklega frá vissum tíma.

Á vinnustofu Rósu er einnig hár skúlptúr settur saman úr kubbum sem eru mismunandi í laginu. Hún segir að þetta sé húsið bútað í sundur og raðað saman á nýjan hátt, þar sem hver kubbur er settur ofan á annan. Það er ekki augljóst í fyrstu að þetta sé Ásmundarsafn.

Við erum sammála um að Rósa þyrfti á stærri vinnustofu að halda, sérstaklega þegar stóru skúlptúrnir eru skoðaðir. Sá á gólfinu er 190 cm í þvermál og ansi erfitt að ímynda sér hvernig á að koma honum niður af annarri hæð á vinnustofunni og yfir í Ásmundarsafn. Annað verk er kúlan á toppi hússins, á hvolfi – þannig að hún lítur út eins og skál. Hún er einnig tæpir tveir metrar í þvermál og er 1/16 af raunverulegri stærð kúlunnar á húsinu.

Þegar hún snýr rétt fyllist hún af birtu. Svo þegar það er búið að snúa henni við og það kemur sól, þá koma bara nokkrir skuggar!

Á vinnustofu Rósu má sjá sama verkið aftur og aftur í mismunandi stærðum. Hún segist gjarnan byrja á því að búa til lítinn hlut fyrst.

Af því að skúlptúr er í þrívídd finnst mér mjög gott að föndra skúlptúrninn fyrst, í staðinn fyrir að gera t.d. þrívíddarteikningu. Ég er

svo fljót að þessu, ég hef unnið svo mikið með leir. Þetta er eiginlega bara teikning í leir!

Rósa er heilluð af gífsi og hefur mest skoðað gífsverk Ásmundar.

Sýningin er svolítið um gífsverkin hans, af því að ég er að vinna mest með gífs – þá kallast þau á. Gífs hefur verið mitt uppáhald síðan ég kláraði nám í Þýskalandi árið 1986. Þar varð gífsið fyrir valinu, kannski af því að það er svo auðvelt að móta í leir og taka gífsmót. Mér finnst gífsið svo heillandi. Það er dálítið gljúpt og hefur svo mikla skuggamöguleika um leið og hlutirnir eru orðnir þurrir og hvítir. Ef maður sér sama verkið eftir Ásmund, annars vegar úr gífsi og hins vegar úr til dæmis bronsi, þá gefur bronsið ekki sömu rýmiskennd eða skuggatónum. Mér finnst ljós og skuggar svo mikilvægir.

En er gífsið ekki mjög viðkvæmt efni?

Jú, mjög viðkvæmt. Þess vegna er áskorun að vinna með svona stóra hluti úr gífsi. Mér fannst það spennandi, Ásmundur var alltaf að gera stór verk, og gerði einhver þeirra pottþétt úr gífsi.

Og á vinnustofu Rósu er allt í gífsi. Bókin um Ásmund hefur greinilega verið handleikin margoft af höndum sem eru útataðar í gífsi!



ÁSMUNDARSAFN
REYKJAVÍK
NUSSEUN

Plaster Everywhere!

26.02.2022–
07.08.2022
Rósa
Gísladóttir
& Ásmundur
Sveinsson:
Loftskurður
Spatial
Infractions

ÁSMUNDARSAFN

Sculptures from different periods meet at Ásmundarsafn where artist Rósa Gísladóttir displays her work in dialogue with the works of Ásmundur Sveinsson. In the exhibition, Rósa works with Ásmundur's largest sculpture, the museum building itself. We visited her in her studio in Auðbrekka, Kópavogur.

In the middle of the studio, a giant sculpture that Rósa is working on lies on the floor. She works in plaster and there are plaster sculptures of various sizes everywhere. We look at a model of Ásmundarsafn where Rósa has inserted miniatures of the works she is working on opposite Ásmundur's works.

The idea was that we would both have our studio there, Ásmundur and I. The studios will be located in the Shed and the connecting building but the Shed used to be Ásmundur's studio. The studios will have shelves containing smaller works, work benches and other appropriate studio furnishings. There will also be models and drawings of the artworks on display.

Rósa says the building – Ásmundarsafn itself – has long appealed to her and a few of her works are connected to drawings of the building. She has been fascinated by geometric forms for a long time. You can look through some of Rósa's work and see Ásmundur's work that way.

This way, his work has been framed a bit. He himself also spoke of "the air between" – which can be found in many of his works, particularly from a certain period.

Rósa's studio also has a tall sculpture made from blocks of various shapes. According to her, this is the building, chopped up and rearranged in a new way with each block on top of the next one. It is not immediately obvious that this is Ásmundarsafn.

We agree that Rósa needs a larger studio, particularly when examining the large sculptures. The one on the floor has a diameter of 190 cm and it is pretty hard to imagine how to get it out from the studio's second floor and to Ásmundarsafn. Another work is the dome on top of the building – upside down so it looks like a bowl. This is also almost two metres in diameter, 1/16th of the dome's actual size.

When it stands upright, it fills with light. Then, once you turn it around and the sun shines, you only see a few shadows!

In Rósa's studio, you can see the same pieces in different sizes. She says she often starts by making a small version.

Because sculpture is three-dimensional, I like creating the sculpture right away instead of for example making a 3-D drawing. This takes me no time at all, I have so much experience with clay. It's really just drawing in clay.

Rósa is fascinated by plaster and has mostly been preoccupied with Ásmundur's plaster works.

The exhibition revolves around his plaster works because I prefer to work in plaster – this way they echo each other. Plaster has been my favourite since I finished my studies in Germany in 1986. I chose plaster maybe because it is so easy to shape clay and make plaster casts. I find plaster so fascinating. It is a bit spongy and has great shadow qualities as soon as the items have become dry and white. If you look

at the same work by Ásmundur in either plaster or bronze, the latter doesn't offer the same sense of space or shadow nuances. I find light and shadows so important.

But the plaster is very delicate, is it not?

Oh, yes, extremely. That's why it's so challenging to create such large items using it. For me this was exciting, Ásmundur created large

pieces all the time and some of them were definitely made from plaster. And Rósa's studio has plaster everywhere. The book on Ásmundur has obviously been read multiple times by someone whose hands were covered in plaster!



Er þröskuldurinn of hár?

Tökum höndum saman er heiti á samstarfsverkefni sem Listasafn Reykjavíkur og Borgarsögusafn hafa unnið að undanfarin tvö ár. Verkefnið miðar að því að auka aðgengi fólks að söfnunum og bjóða alla gesti velkomna. Það er nefnilega þannig að af ýmsum ástæðum eru fjölmargir sem eiga erfitt með að koma á söfn og finna sig ekki þar. Upplifa jafnvel að söfn séu fyrir einhverja aðra eða að þröskuldurinn þangað inn sé of hár. Eitt af markmiðum verkefnisins er að lækka þennan þröskuld.

Tökum höndum saman hlaut öndvegisstyrk frá Safnasjóði árið 2019 og er til þriggja ára. Styrkurinn hefur gert okkur kleift að finna skapandi leiðir til að vinna með ólíkum hópum á þeirra forsendum. Þannig höfum við bæði verið með opinbera viðburði en einnig heim-sóknir fyrir sérhópa með leiðsögn. Samvinna safnanna tveggja hefur að auki gefið okkur dýrmætt tækifæri til að miðla þekkingu og reynslu hvort til annars en líka að samræma ýmsa þætti í viðmóti sem auðvelða og einfalda samskipti við hópana og samskipti hópanna við söfnin.

Í upphafi settum við okkur í samband við ýmsa hópa sem við vissum að kæmu ekki oft á söfnin. Við áttum samtal við ýmis félög eins og t.d. Félag heyrnarlausra, Einhverfusamtökin og Blindrafélagið. Í framhaldinu hafa síðan verið viðburðir. Má þar nefna Döff leiðsögn, sérofnun fyrir einhverfa og fólk með skynúr-vinnsluvanda og laugardaginn 25. febrúar nk. verður boðið upp á sjónlýsingu fyrir blinda og sjónskerta á sýningu Birgis Andrésónar: *Eins langt og augað eygir*, á Kjarvalsstöðum.

Í sambandi við verkefnið höfum við stofnað til samskipta við fjölmarga hópa og styrkt tengslin enn frekar við aðra sem við vorum í sambandi við áður. Hópar eins og Hlutverka-setrið, Klúbburinn Geysir, dagþjálfun fólks með heilabilun, virknihópur Reykjalundar og hópar frá Rauða krossinum hafa komið hingað í skipulagða heimsókn og leiðsögn. Við leggjum áherslu á að taka vel á móti hópunum og eigum virkt samtal um þá sýningu sem verið er að skoða. Samtalið og samveran hefur verið gefandi fyrir gesti okkar en ekki síður verið næring fyrir starfsfólk Listasafns Reykjavíkur sem heldur utan um verkefnið.

Að koma í hóp gefur einstaklingunum tækifæri á að kynna safninu um leið og þeir finna fyrir stuðningi af því að vera með hópnum sínum. Þá getur leiðsögn og samtal gefið dýrmæta lykila að nýjum sjónarhornum og upplifunum. Það er gefandi að vera samferða gestum sem jafnvel eru að taka sín fyrstu skref inn á listasafn og ekki síður að eiga endurfundi við þá á nýrri sýningu með nýrri upplifun. Smám saman verður safnið að stað sem er ekki bara kunnuglegur heldur staður sem fólk langar að koma á aftur og aftur.

Viðburðurinn *Listin talar tungum* er einn af þeim sem haldinn er undir merkjum *Tökum höndum saman*. Þar erum við í samstarfi við *Móðurmál – samtök um tvítýngi* enda viðburðurinn ætlaður þeim sem hafa annað móðurmál en íslensku. Listin hefur talað tungum m.a. á litháísku, þýsku, spænsku og pólsku en myndlistarmaðurinn Lukas Bury hefur séð um pólsku leiðsagnirnar í nokkur misseri. *Listin talar tungum* hefur verið á dagskrá Listasafns Reykjavíkur frá árinu 2017. Við viljum kynna listina og þau nærandi áhrif sem heimsókn á listasafn getur haft.

Tökum höndum saman hefur nú þegar tengt okkur við fjölbreyttari hóp safngesta og stuðlað að meiri virkni ásamt aukinni þekkingu sem hjálpar okkur að koma betur til móts við alla gesti safnsins.



Is the Threshold Too High?

Let's Join Hands is the title of a collaborative project between Reykjavík Art Museum and The Reykjavík City Museum, that the museums have worked on for the last two years. The project aims to increase people's access to the museums and welcome all visitors. Not everybody feels equally welcome at a museum, for one reason or another, and many have a hard time visiting them. They even feel like museums are meant for other people, or the threshold to get in is too high. One of the aims of the project is to lower that threshold.

Let's Join Hands received a three-year grant from The Museum Fund in 2019. The grant has enabled us to find creative ways of working with different groups on their terms. Thus, we have both held public events and also guided visits for special groups. The museums' collaboration has also given us a valuable opportunity to communicate knowledge and experience to one another, but also to coordinate various parts of their presence to simplify communication with the groups and the groups' communication with the museums.

In the beginning, we contacted various groups of people that we knew weren't frequent museum visitors. We conversed with diverse associations, like for example the Association of the Deaf, the Autistic Society and the Association of the Visually Impaired. This has been followed by events, including a guidance for deaf people, special opening for autistic people and individuals with sensory processing sensitivities. On Saturday, 25 February, a visual description for blind and visually impaired people will be given of Birgir Andrésón's exhibition: *As Far as the Eye Can See*, at Kjarvalsstaðir.

In relation to this project, we have instigated conversations with numerous groups and strengthened our connections to some we were already in touch with. Groups like Hlutverkasetrið, Geysir Club, daily training for people with dementia, Reykjalundur Activity Group and groups from the Red Cross have come here on organized visits with guidance. We endeavour to welcome them and have an active discussion about the exhibition in question. The discussions and time together have been rewarding for our visitors but also very nourishing for Reykjavík Art Museum's staff who organises this project.

Visiting as a part of a group gives individuals an opportunity to get to know the museum with the support of the group. Guidance and discussion can present valuable openings to new viewpoints and experiences. It is very rewarding to spend time with visitors who are taking their first steps into an art museum, and also to meet them again at a new exhibition, a new experience. Gradually, the museum becomes not only familiar but a place you want to revisit again and again.

Many Languages of Art is one of the events of the *Let's Join Hands* project. There, we collaborate with *Móðurmál* the Association on Bilingualism, and the event is meant for people whose native language is not Icelandic. Guidance has been given in for example Lithuanian, German, Spanish and Polish. Artist Lucas Bury has been in charge of the Polish guidance for a few years. *Many Languages of Art* has been running at Reykjavík Art Museum since 2017. We want to present art and the satisfying effect that a visit to an art museum can have.

Let's Join Hands has already connected us to a wider network of museum visitors and supported increased activity and knowledge which helps us meet the needs of every visitor to the museums.



REYKJAVÍKUR
ART MUSEUM

Gaman að taka þátt

Ilmur María Arnarsdóttir og Pétur Steinn Atlason koma bæði fram í nýjum fræðsluþáttum Listasafns Reykjavíkur um myndlist sem sýndir eru á netinu. Þau eru tvítug og útskrifuð af listabraut Verzlunarskóla Íslands og stefna bæði á framhaldsnám í leiklist. Þau settust niður til að ræða sýninguna Abrakadabra sem nú stendur yfir í Hafnarhúsinu.

Hvernig finnst ykkur hafa tekist til með sýninguna Abrakadabra, höfðar hún til ungs fólks?

Við skemmtum okkur allavega konunglega á sýningunni!

Ilmur: Ég hef bara heyrt góða hluti frá þeim sem ég þekki sem hafa farið á sýninguna

Pétur: Nú er farið að auglýsa hana meira svo það fara örugglega að koma fleiri.

Hvar sjáið þið til dæmis auglýsingar um svona sýningar?

Á netinu, á Instagram – aðallega þar. Við notum Facebook meira bara fyrir vinnuna. Líka til að athuga hvenær fólk á afmæli!

Farið þið mikið á söfn?

Við vorum á listabraut í Versló og fórum þá reglulega á söfn og í grunnskóla kannski líka, en það voru kannski ekki svo mikið listasöfn

Ilmur: Ég fór alveg á listasöfn í grunnskóla. Ég er náttúrulega alin upp við þetta, það eru ekki margir sem eru það, það er alveg menning í minni fjölskyldu að kíkja á söfn af og til. Mér finnst það mjög kósi, það róar mig að skoða fallega list.

Hvað með þig, Pétur, ert þú líka úr listafjölskyldu?

Ekki alveg, nei, ég sá eini í fjölskyldunni sem er í einhverju svona listatengdu. Ég var ekki alinn upp við að fara á listasöfn, sko, en mér finnst það rosalega gaman núna, að fara á svona skemmtilegar listasýningar.

Á sýningunni Abrakadabra var reynt að sýna einhvers konar þverskurð af samtímalist og snerta á flestum þeim miðlum sem einkenna hana, finnst ykkur það hafa tekist?

Ilmur: Algerlega, mér finnst mjög gaman að sjá þar allt frá háþólitískum verkum yfir í eitthvað sem er meira eins og djók. Eitthvað svona skemmtilegt og fyndið og hlutir sem maður getur tekið þátt í.

Pétur: Ég held að það hafi verið það sem húkkaði okkur, þáttökulistaverkin náðu mest til okkar. Eins og lyklakippurnar hans Loga Leós, að fara upp á kassann hennar Katrínar Sigurðardóttur og líta ofan í hann, að fara inn í hárhúsið (Hrafnhildur Arnardóttir/Shoplifter) og veifa til þess að láta fossinn hennar Rúriar eyðast.

Ilmur: Já, við eyddum mjög miklum tíma þar.

Pétur: Sýningin er góð blanda af þátttökuverkum og verkum sem fá mann til að staldra við.

Hafið þið oft komið í Hafnarhúsið?

Ilmur: Ég hef oft komið, frænka mín hefur sýnt þar til dæmis.

Pétur: Við höfum farið með skólanum, við fengum árskort þegar við vorum í Versló og það skiptir okkar aldurshóp miklu máli, að þurfa ekki að spá í hvað það kostar, það eru langflestir í námi og það er kannski ekki fremst í forgangsröðinni að borga sig inn á safn.

Þau eru sammála um að sýningin sé uppi á góðum tíma, nú þegar lítil afþreying sé í boði vegna COVID og því kærkomið að fara á listasafn. Ilmur segir hana líka veita alls konar innblástur þar sem verkin eru svo fjölbreytt.

Að sjá svona mikið af alls konar sem spilaði samt svo vel saman, það var alveg – to get the creative juices flowing! – svo ég sletti!

Pétur: Þetta er svo fjölbreytt og mér finnst líka spennandi að hugsa um hvernig listamenn fá hugmyndir og framkvæma þær, það er mjög inspirerandi! Eins og húllandi maðurinn (Hreinn Friðfinnsson) – það er erfitt að láta sér detta þetta í hug. Svo þegar þetta er komið á skjá fyrir framan okkur bíðum við spennt að sjá húllandi manninn þarna, við fögnuðum þegar við sáum hann!

Ilmur: Það brutust út svo mikil fagnaðarlæti, þetta var ekkert eðlilega skemmtilegt! Það var búið að byggja upp svo mikla eftirvæntingu, við vissum að hann væri að koma!

Finnst ykkur mikilvægt að fá leiðsagnir á sýningum?

Ilmur: Það er allt önnur upplifun, maður finnur það líka á stórum söfnum úti, þegar maður er með „headsett“ og gengur eftir því, það er allt annað en að vera alveg upp á eigin spýtur. Við hefðum pottþétt misst af húllandi manninum ef við hefðum ekki vitað að hann væri að koma! Við hefðum líka misskilið fullt af verkum ef við hefðum ekki fengið neinar útskýringar. Til dæmis górállurnar (Auður Lóa Guðnadóttir), við héldum að þær væru úr tónlistarmyndbandi eftir Bruno Mars – en þetta eru Guerrilla Girls. Við hefðum heldur ekki varið jafn miklum tíma hjá fossinum (Rúri) ef við hefðum ekki vitað af virkni hans.

Ilmur, Pétur og fleiri koma fram í fræðslumyndböndum um samtímalist og töfra hennar sem finna má á heimasíðunni listasafnreykjavikur.is undir flípanum Abrakadabra. Barnamenningar- sjóður styrkti verkefnið og mun Abrakadabra vefurinn verða áfram aðgengilegur til fræðslu og skemmtunar eftir að sýningunni lýkur.



THE REYKJAVÍK
SAFNI
HAFNAR

Fun to participate

30.10.2021–
20.03.2022
Abrakadabra
Töfrar
samtímalistar
The Magic of
Contemporary Art

Ilmur María Arnarsdóttir and Pétur Steinn Atlason both appear in new online educational series about art by Reykjavík Art Museum. They are twenty years old, graduates of the art class from The Commercial College of Iceland, and both aim to study drama in the future. They sat down to discuss the exhibition Abrakadabra which currently runs at Hafnarhús.

What do you think of the exhibition Abrakadabra, does it appeal to young people?

Ilmur: We, at least, had a great time! I have only heard good things from everybody I know who have been there.

Pétur: It is getting more publicity now so it will probably get more visitors.

Where do you see ads for exhibitions like this, for example?

On the internet, on Instagram – mainly there. We use Facebook more for work only. Also to check people's birthdays!

Do you often visit museums?

We studied art in high school and regularly visited museums, and maybe in primary and secondary school as well, but as a rule they were not art museums.

Ilmur: I visited art museum when I was a child. I was raised that way, not many people are, in my family it is a cultural thing to visit museums. I like it a lot, it is calming to look at beautiful art.

What about you, Pétur, do you come from an artistic family?

Not quite, no, I am the only one in my family doing anything art-related. This was not a part of my upbringing, but I enjoy it a lot now, to see fun exhibitions.

The exhibition Abrakadabra tries to show a sort of cross section of contemporary art and touch on most of the media it involves, do you think it succeeds in that?

Ilmur: Totally, I think it is very interesting to see works ranging from extremely political to something that looks like a joke. Something funny and things you can participate in.

Pétur: I think that's what caught our attention, the participation artworks. Like Logi Leó's key rings, going on top of Katrín Sigurðardóttir's box and looking inside, entering the hair house (Hrafnhildur Arnardóttir/Shoplifter) and waving to make Rúrí's waterfall disappear.

Ilmur: Yes, we spent a lot of time there.

Pétur: It is a good mix of participation works and others that make you stop and think.

Have you visited Hafnarhúsið often?

Ilmur: I have been here a lot, my cousin has had an exhibition there, for example.

Pétur: We have visited with our school, in college we got an annual pass and that is important for our age group, not having to worry about the cost, most of us are studying and paying to get into a museum is not high on our list of priorities.

They agree that this exhibition comes at a good time, now when little is to do because of COVID and so a museum visit is ideal. Ilmur says it is also inspiring because the works are so diverse.

To see so many different things that harmonise so well together, that gets the creative juices flowing!

Pétur: This is so diverse and it is interesting to think about how artists get their ideas and carry them out, that is very inspiring! Like the man with the hula-hoop (Hreinn Friðfinnsson) – it is not easy to come up with something like that. And when he appears on the screen, we are all excitedly waiting for see the man hula-hooping, we cheered when we saw him!

Ilmur: There was a lot of cheering, this was insanely fun. The build-up was so extreme, we knew he was coming!

Do you feel it is important to get guidance to exhibitions?

Ilmur: It is a completely different experience, you also notice this in large museums abroad, when you have a headset to guide you, because it is so different being on your own. We would definitely have missed the hula-hoop man if we hadn't been informed that he was coming. We would also have misunderstood a lot of the works if they hadn't been explained to us. For example, the gorillas (Auður Lóa Guðnadóttir), we thought they were from a Bruno Mars music video – but they are the Guerrilla Girls. We also wouldn't have spent as much time by the waterfall (Rúrí) if we hadn't known how it worked.

ART MUSEUM LISTAS HÚS



Sýningar Exhibitions

Hafnarhús

27.01.–20.03.2022

D46 Ásgerður Birna Björnsdóttir:

Snertitaug

A Twitch and a Tug

30.10.2021–20.03.2022

Abrakadabra

23.10.2021–27.03.2022

Ferðagarpurinn Erró

Erró the Traveller

10.03.–13.03.2022

Gjörningapoka

Performance Nebula

Kjarvalsstaðir

29.01.–15.05.2022

Birgir Andrésón:

Eins langt og augað eygir

As Far as the Eye Can See

22.01.–08.05.2022

Jóhannes S. Kjarval:

Í íslenskum litum

In Icelandic Colours

15.10.2021–13.02.2022

Carl Boutard

og Ásmundur Sveinsson

Gróður jarðar

Budding Earth

26.02.–07.08.2022

Rósa Gísladóttir

og Ásmundur Sveinsson

Loftskurður

Spatial Infractions

Hafnarhús

Tryggvagata 17, 101 Reykjavík

Opið daglega 10–17

Fimmtudaga 10–22

Open daily 10h00–17h00

Thursdays 10h00–22h00

Kjarvalsstaðir

Flókagata 24, 105 Reykjavík

Opið daglega 10–17

Open daily 10h00–17h00

Ásmundarsafn

Sigtún, 105 Reykjavík

Opið daglega 10–17

Open daily 10h00–17h00

+354 411 6400

listasafnreykjavikur.is

artmuseum.is

#listasafnreykjavikur

#reykjavikartmuseum



Útgefandi Publisher

Listasafn Reykjavíkur

Reykjavík Art Museum

Texti Authors

Áslaug Guðrúnardóttir

Halla Margrét Jóhannesdóttir

Þýðing og prófarkarlestur

Translation and proofreading

Ingunn Snædal

Ljósmyndun

Photography

Arnar Steinn Friðbjarnarson

Áslaug Guðrúnardóttir

Guðmundur Oddur Magnússon

Helena Stefáns Magneudóttir

Hildur Inga Björnsdóttir

Vigfús Birgisson

ICELANDAIR

Arion banki

Verslaðu við okkur á netinu!

Look at our webshop!

www.verslun.listasafnreykjavikur.is

- 1 Hafnarhús
- 2 Kjarvalsstaðir
- 3 Ásmundarsafn
- Walking route
- Public Art
- Bus Stops

